

# SAMÞYKKT

## um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Samþykkt þessi gildir um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Skaftárhrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Vestmannaeyjabæjar eins og þau eru skilgreind í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga og í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Skipting vatnsverndarsvæða fer samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum, nr. 533/2001. Ákvæði samþykktarinnar um brunn- og grannsvæði gildir ekki um einkavatnsból og vatnsból fyrir staðbundna starfsemi, nema þau séu starfsleyfissskyld samkvæmt reglugerð um neysluvatn. Önnur ákvæði samþykktarinnar, svo sem er varðar starfsleyfissskyldu framkvæmdar og ákvæði er varða varnir gegn mengun vatns, gilda þó um þau eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu sem samþykkt þessi gildir um. Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.

Unnið verður að markmiðum þessum í svæðisskipulagi þar sem ákvarðanir verða teknar um landnotkun til að tryggja sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna um vernd neysluvatns.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

- 3.1 *Aðrennslissvæði:* Svæði þar sem vatnsból dregur til sín grunnvatn við vatnsöflun.
- 3.2 *Aðrennlistími:* Tími sem það tekur grunnvatn að renna að vatnsbóli.
- 3.3 *Brunnsvæði:* Sá hluti vatnsverndarsvæðis sem er í næsta nágrenni vatnsbóls. Lágmarksfjarlægð frá vatnstöku að ytri mörkum brunnsvæðis er 50 metrar og síðan 200 metra geisli frá miðju vatnsbóls í aðrennlistefnu grunnvatns. Ef útmörk 50 daga aðrennlistíma lenda innan 200 m geislans marka þau lágmarksfjarlægð brunnsvæðismarka. Við afmörkun brunnsvæða er einnig tekið tillit til jarðfræðilegra greininga og staðbundinna aðstæðna svo sem yfirborðsvatnaskila.
- 3.4 *Fjarsvæði:* Fjarsvæði tekur við af grannsvæði og nær frá mörkum grannsvæðis allt til enda aðrennslissvæðis vatnsbóls við grunnvatnsskil.
- 3.5 *Grannsvæði:* Grannsvæði tekur við af brunnsvæði á aðrennslissvæði vatnsbóls og liggur eftir aðrennslissvæði að reiknuðum útmörkum 400 daga aðrennlistíma grunnvatns að vatnsbóli miðað við 50 m þykkun vatnsleiðara. Við ákvörðun grannsvæðismarka er einnig tekið tillit til viðkvæmni svæða vegna sprungna, dýpis á grunnvatn, yfirborðsgerðar, lektar og misleitni.
- 3.6 *Grunnvatn:* Vatn, kalt eða heitt, sem er neðanjarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.
- 3.7 *Grunnvatnsskil:* Skil í jörð þar sem grunnvatn greinist og rennur til mismunandi átta. Grunnvatnsskil geta verið breytileg eftir árstíðum.
- 3.8 *Írennsli:* Vatn sem sígur í jörð og skilar sér til grunnvatns.
- 3.9 *Lekt:* Mælieining á vatnsleiðni jarð- og berglaga.

- 3.10 *Misleitni*: Notuð í líkanreikningum til þess að gera grein fyrir sprungum og misgengjum. Segir til um misleitni í lekt jarðlaga þ.e. ósamfellu í vatnsleiðni. Misleitni í lekt jarðlaga er engin, þegar straumstefna grunnvatns er hornrétt á grunnvatnshæðarlínur.
- 3.11 *Skipulagsáætlun*: Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðar-notkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsupprætti þar sem það á við.
- 3.12 *Útmörk*: Ystu reiknuðu mörk á hverjum stað fyrir sig yfir allt reiknitímabilið.
- 3.13 *Öryggissvæði*: Öryggissvæði eru utan aðrennslissvæða grunnvatns til vatnsbóla og liggja eftir jöðrum brunn-, grann- og fjarsvæða. Þau eru skilgreind á svæðum þar sem mengun er mögulega talin geta borist af yfirborði með írennsli til grunnvatns og dreifst með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla. Gæta þarf viðunandi öryggis við ákvörðun um nýtingu svæðis sem og hönnun og gerð mannvirkja og mengunarvarna. Öryggissvæðum er skipt í tvo flokka eftir eðli svæðisins.
- a) *Öryggissvæði vegna grunnvatns*: Svæði þar sem talið er að efni sem berast í jörð geti mögulega borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.
- b) *Öryggissvæði vegna yfirborðsvatns*: Svæði þar sem talið er að mengun á yfirborði geti mögulega borist inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.

#### 4. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar athafna eða framkvæmda sem geta haft áhrif á gæði grunnvatns á vatnstökustað, svo sem ræktunarstarfa, umgengni, nýrra bygginga, breytinga, viðhalds og frágangs mannvirkja. Samþykktin nær til umferðar vélknúinna farartækja, meðferðar efna sem valdið geta mengun, atvinnurekstrar, húsdýrahalds, landbúnaðar og útivistar. Þá skal mannvirkjagerð á verndarsvæðum vera í samræmi við skipulagsáætlanir og hafa öryggi vatnsverndar og faglegan undirbúning að leiðarljósi.

Samþykktin tekur mið af ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði þar sem tilgreind eru vatnsverndarsvæði, vatnavistkerfi, svo og vistkerfi sem tengjast þeim að vatnabúskap, ásamt svæðum sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns, sbr. 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, skal vera aðgengileg almenningi á verndarsvæðum vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Vestmannaeyjabæjar og skal uppfærð reglulega.

#### 5. gr.

Um eftirlit með samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd Suðurlands skipuleggur eftirlit á brunnsvæðum, grannsvæðum og fjarsvæðum samkvæmt samþykkt þessari og hefur umsjón með að viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa séu gerðar.

## II. KAFLI

### Mengunarvarnir og öryggisreglur á verndarsvæðum.

#### A. Brunnsvæði.

#### 6. gr.

Brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annarri en þeirri, sem nauðsynleg er vegna vatnsveitunnar. Vatnsból og mannvirki skulu afmörkuð með girðingu eða öryggi tryggt á jafngildan hátt.

## 7. gr.

Vatnsveitur skulu afla starfsleyfis hjá heilbrigðisnefnd. Vatnstaka og dreifing er á ábyrgð viðkomandi vatnsveitu.

## 8. gr.

Afla þarf leyfis heilbrigðisnefndar til verklegra framkvæmda og skal við þær framkvæmdir farið eftir ákvæðum samþykktarinnar. Heilbrigðisnefnd skal setja sértæk starfsleyfisskilyrði eftir því sem við á. Ef um er að ræða nauðsynlegar framkvæmdir vegna vatnsveitu umfram hefðbundna vinnu við hana skal framkvæmdaaðili leggja fram áhættumat vegna hættu á mengun grunnvatns áður en framkvæmdir hefjast.

## 9. gr.

Geymsla á olíu eða efnavörum er óheimil innan brunnsvæðis nema í skamman tíma og skal sérstaklega getið um slíkt í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar og einungis þegar um er að ræða framkvæmdir sem eru nauðsynlegar vegna vatnsveitunnar í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum, nr. 533/2001.

## 10. gr.

Salerni og þvottaaðstaða á brunnsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Skólpi frá slíkri aðstöðu skal veitt í safntank sem tæmdur skal reglulega. Utan um tank og leiðslur skal vera viðurkennd leka-vörn með góðri aðstöðu til vöktunar. Enn fremur skal flutningsaðili sem annast tæmingar hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

## 11. gr.

Um girðingar, mannvirki, búnað, framkvæmd vinnu, meðferð varasamra efna, viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa og umhirðu og frágang mannvirkja skal fjallað nánar í starfsleyfi viðkomandi vatnsveitu og í innra eftirliti.

## 12. gr.

Tæki sem knúin eru jarðefnaeldsneyti og notuð eru innan brunnsvæðis skulu hafa staðist leka-sköðun.

**B. Grannsvæði.**

## 13. gr.

Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar.

## 14. gr.

Óheimilt er að skipuleggja íbúðarbyggð, frístundabyggð eða atvinnustarfsemi á grannsvæðinu sem ekki fellur að 13. gr. Óheimilt er að leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.

**Vegir og samgöngur.**

## 15. gr.

Við hönnun og uppbyggingu nýrri og eldri vega á grannsvæðum skal umferðaröryggi og mengunarvarnir lagt til grundvallar. Þar sem hætta er á útafakstri og á veghlutum þar sem grunnvatnsrennsli er til vatnsbóla skal tryggja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.

## 16. gr.

Vegagerð og viðhald vega á svæðinu er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Leyfið skal ná til efna sem nota á í vegstæði og til gerðar slitlags sem skal vera steinsteypa eða malbik. Það skal enn fremur ná til mengunarvarna svo sem olíunotkunar og lekaskoðana á tækjum, til tímasetningar framkvæmda, staðsetningar vinnubúða og annarra atriða er málið kann að varða.

## 17. gr.

Óheimilt er að nýta akvegi á grannsvæðum til akstursíþróttar. Þeir eru ætlaðir til reksturs vatnsveitna, vegna öryggismála, þ.e. til aðkomu lögreglu, sjúkraliðs, slökkviliðs og björgunarsveita og til nýtingar svæðisins til almennrar útivistar á forsendum vatnsverndar.

## 18. gr.

Vegum og slóðum á grannsvæði sem hvorki er viðhaldið né standast kröfur vegna öryggisþátta m.t.t. mengunarhættu skal veghaldari loka fyrir almennri umferð. Sé enginn veghaldari til staðar ber sveitarstjórn að loka fyrir umferð.

## 19. gr.

Utanvegaakstur er óheimill á grannsvæðum nema vegna bráðra öryggismála, sbr. 17. gr., eða þess er getið sérstaklega í tímabundnum starfsleyfum vegna verklegra framkvæmda þegar hjá öðru verður ekki komist.

## 20. gr.

Þar sem almennir vegir liggja inn á eða að grannsvæði vatnsbóla skal eigandi vegarins láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.

***Starfsemi, ræktunarstörf og framkvæmdir.***

## 21. gr.

Á grannsvæði er óheimilt að hefja nýjan eða auka núverandi atvinnurekstur. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hætta sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar.

## 22. gr.

Rekstraraðili áformaðra framkvæmda verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar og að engin hætta sé á mengun. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar, að undangengnu áhættumati, áður en framkvæmdir hefjast. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita tímabundin starfsleyfi vegna rannsókna er tengjast nýtingu svæðisins.

## 23. gr.

Ræktun og uppgræðsla á grannsvæðum er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Þegar sótt er um slíkt leyfi skal leggja fram áætlun um framkvæmdina. Heilbrigðisnefnd setur þau skilyrði fyrir leyfinu sem hún telur eiga við hverju sinni og skal leyfið bundið við tiltekið svæði, árafjölda og framkvæmdaraðila. Í leyfinu skal tekið fram magn og meðferð áburðar og á hvaða tíma ársins dreifing sé heimil. Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum.

## 24. gr.

Á svæðinu skal aðeins geyma áburð til skamms tíma í senn og skal gætt mengunarvarna sem eru fullnægjandi að mati heilbrigðisnefndar.

## 25. gr.

Notkun plöntuverndarvara, útrýmingarefna og annarra varasamra efna er óheimil nema í smáum stíl til einkanota.

## 26. gr.

Ef fram kemur rökstuddur grunur um óæskileg áhrif ræktunar og uppgræðslu á grunnvatn er heilbrigðisnefnd heimilt að takmarka eða banna frekari ræktun.

**Salerni og rotþrær.**

27. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Í leyfi nefndarinnar skal kveðið á um gerð, viðhald, hreinsun og eftirlit með búnaðinum. Þar sem rotþró með viðeigandi siturlögn, eða annað sambærilegt hreinsivirki, er ekki nægjanleg mengunarvörn að mati heilbrigðisnefndar skal koma fyrir safntanki á fráveitulögn eða hafa þurrsalerni. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

**Varasöm efni.**

28. gr.

Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

29. gr.

Óheimilt er að nota olíu til húshitunar eða annarrar notkunar þegar rafmagn eða gas getur komið í staðinn.

30. gr.

Við viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, svo sem fúavarnarefna, olíuefna og annarra sambærilegra efna.

**Sorp, aukaafurðir dýra og annar úrgangur.**

31. gr.

Óheimilt er að flytja dýraskít, slóg eða annan úrgang inn á svæðið til geymslu eða förgunar. Sorp og annan úrgang sem þar verður til skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og flytja út af svæðinu til endurnýtingar eða förgunar eftir því sem við á. Venjulegan garðaúrgang og lífrænan heimilisúrgang er heimilt að jarðgera og nota þar sem hann verður til. Hlíta skal fyrirmælum heilbrigðisnefndar um búnað og framkvæmd jarðgerðar. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta hreinsa upp, á kostnað hlutaðeigandi aðila, efni og önnur óhreinindi, sem farið hafa niður og minnsti grunur leikur á að geti valdið grunnvatnsmengun.

**Búfjárhald.**

32. gr.

Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjárhald á grannsvæðum. Búfjárhald skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu, taðþróa og haughúsa. Búfjáraburð, sem verður til á svæðinu og er ekki nýttur jafnóðum í samræmi við ákvæði 31. gr., skal flytja reglulega út af svæðinu. Þeir sem stunda búfjárhald á grannsvæðum skulu leggja fram áætlun um á hvern hátt mykju, taði, skít og skemmdu heyi er fargað og staðfestingu á afdrifum ef förgun er á annars vegum. Dýrahrae skulu flutt út af svæðinu og fargað á viðurkenndan hátt. Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni.

**Útivist.**

33. gr.

Við skipulag útivistar og umferðar skal þess gætt að mengunarhætta verði sem minnst. Umráða-aðili útivistarsvæðis skal sjá um að komið verði fyrir ílátum fyrir rusl þar sem það á við og að fram fari reglubundin tæming þeirra. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fram fari reglubundin hreinsun á og við stíga og áningastaði.

**Meðferð skotvopna.**

34. gr.

Almenn meðferð skotvopna er bönnuð á grannsvæðum.

**C. Fjarsvæði.**

35. gr.

Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar.

***Vegir og samgöngur.***

36. gr.

Við hönnun og uppbyggingu nýrri og eldri vega á fjarsvæðum skal umferðaröryggi og mengunarvarnir lagt til grundvallar. Þar sem hætta er á útafakstri og á veghlutum þar sem grunnvatnsrennsli er til vatnsbóla skal tryggja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.

37. gr.

Áður en vegir eru gerðir eða lagðir bundnu slitlagi skal afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni. Leyfið skal ná til efna, sem nota á í vegstæði og til gerðar slitlags sem skal vera steinsteypa eða malbik, til mengunarvarna svo sem olíunotkunar og lekaskoðana á tækjum, til tíma-setningar framkvæmda, staðsetningar vinnubúða og annarra atriða er málið kann að varða.

38. gr.

Óheimilt er að nýta akvegi á fjarsvæðum til akstursíprótta.

39. gr.

Þar sem almennir vegir liggja inn á fjarsvæði vatnsbóla skal eigandi vegar láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.

***Starfsemi, ræktunarstörf og framkvæmdir.***

40. gr.

Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast.

41. gr.

Á fjarsvæði er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykktar heilbrigðisnefndar og skal starfsleyfi ekki veitt nema að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki, starfsemin sé í samræmi við skipulagsáætlanir og önnur ákvæði samþykktar þessarar.

42. gr.

Akstursípróttasvæði, skotvellir og sambærileg starfsemi er óheimil á fjarsvæðum.

43. gr.

Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.

44. gr.

Ræktun og uppgræðsla á fjarsvæðum er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Það skal ná til staðsetningar ræktunarsvæða og umfangs. Heimila má notkun tilbúins áburðar í undantekningartilvikum. Á svæðinu skal aðeins geyma áburð til skamms tíma í senn og skal gætt mengunarvarna sem eru fullnægjandi að mati heilbrigðisnefndar.

45. gr.

Notkun plöntuverndarvara, útrýmingarefna og annarra varasamra efna er einungis heimil til heimilisnota.

**Varasöm efni.**

46. gr.

Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

47. gr.

Óheimilt er að nota olíu til húshitunar eða annarrar notkunar þegar rafmagn eða gas getur komið í staðinn.

48. gr.

Við viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, svo sem olíu, fúavarnarefna og annarra sambærilegra efna.

**Búfjárhald.**

49. gr.

Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjárhald á svæðinu. Búfjárhald á fjarsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu taðþróa og haughúsa. Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni.

**Salerni og rotþrær.**

50. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

51. gr.

Ef efasemdir eru um nægjanlega afkastagetu eða virkni hreinsibúnaðar við fráveitu getur heilbrigðisnefnd kallað eftir úttekt rekstraraðila eða öðrum fráveitulausnum.

**D. Öryggissvæði.**

52. gr.

Skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðarbyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hætta sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.

**Vegir og samgöngur.**

53. gr.

Áður en vegir eru gerðir, endurnýjaðir eða lagðir bundnu slitlagi skal afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni.

54. gr.

Óheimilt er að nýta akvegi á öryggissvæðum til akstursíþróttá.

**Starfsemi, ræktunarstörf og framkvæmdir.**

55. gr.

Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á öryggissvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Mannvirkjagerð þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita tímabundin starfsleyfi vegna rannsókna er tengjast nýtingu svæðisins.

56. gr.

Á svæðinu skal aðeins geyma áburð til skamms tíma í senn og skal gætt mengunarvarna sem eru fullnægjandi að mati heilbrigðisnefndar.

57. gr.

Notkun plöntuverndarvara, útrýmingarefna og annarra varasamra efna er einungis heimil til heimilisnota.

***Varasöm efni.***

58. gr.

Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum eignum er óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

59. gr.

Óheimilt er að nota olíu til húshitunar eða annarrar notkunar þegar rafmagn eða gas getur komið í staðinn. Á öryggissvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar.

60. gr.

Við viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, svo sem olíu, fúavarnarefna og annarra sambærilegra efna.

***Búfjárhald.***

61. gr.

Búfjárhald á öryggissvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu taðþróa og haughúsa. Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni.

***Salerni og rotþrær.***

62. gr.

Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

63. gr.

Ef efasemdir eru um nægjanlega afkastagetu eða virkni hreinsibúnaðar við fráveitu getur heilbrigðisnefnd kallað eftir úttekt rekstraraðila eða eftir öðrum fráveitulausnum.

**III. KAFLI****Almenn ákvæði.*****Gróðureldar.***

64. gr.

Brugðist skal við verði vart gróðurelda, þeir slökktir og dreifing lágmörkuð. Við skipulag landnýtingar skal tekið mið af eldvörnum.

***Eldsvoðar.***

65. gr.

Við slökkvistörf vegna bruna í húsum, farartækjum og öðrum vélbúnaði skal tekið mið af mengunarhættu sem fylgir slíku slökkvistarfi og tryggja að ekki hljóttist af gróðureldar.



**Bygging háspennulína.**

66. gr.

Leita þarf samþykkis heilbrigðisnefnda við staðsetningu lagnaleiða og annarra þátta er varða slíkar framkvæmdir. Bygging háspennulína innan vatnsverndarsvæða á svæði því sem samþykkt þessi nær yfir er starfsleyfisskyld starfsemi. Leyfið skal ná til allra verkþátta svo sem verklags, mengunarvarna og tímasetningar framkvæmda.

**Niðurrif háspennulína.**

67. gr.

Niðurrif háspennulína innan vatnsverndarsvæða sem samþykkt þessi nær yfir er starfsleyfisskyld starfsemi. Leyfið skal ná til allra verkþátta svo sem verklags, mengunarvarna og tímasetningar framkvæmda.

## IV. KAFLI

**Lagastoð og gildistaka.**

68. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Suðurlands og samþykkt af sveitarstjórnnum Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Skaftárhrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Vestmannaeyjabæjar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfis-, orku- og loflagsráðuneytinu, 4. mars 2022.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

---

*Trausti Ágúst Hermannsson.*